



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 17. ágúst 2023

Staðsetning fundar: Reitir, Kringlunni

Dagsetning: fim 17.08.2023 kl. 15:00

Mætt: Áróra, Íris, Ragnar, Sunna, Anna, Alexandra. Fjarverandi: Sirrý, Olga

Fundarritari: Alexandra

GBC Iceland – Grænni byggð –stjórn 2023-2024:

1. Íris Þórarinsdóttir (ÍP), formaður - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
2. Alexandra Kjeld (AK), ritari og varaformaður – EFLA - alk@efla.is
3. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS),gjaldkeri – Reginn – sunna@reginn.is
4. Ragnar Ómarsson (RÓ), meðstjórnandi– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
5. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – Hornsteinn - sirry@hornsteinn.is
6. Olga Árnadóttir (OÁ), meðstjórnandi – HMS – olga.arnadottir@hms.is
7. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), meðstjórnandi – annasj.ark@gmail.com

Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Stjórnarstörf eftir aðalfund

Eftir er að ganga frá skjölum gagnvart ríkiskattstjóra og banka. Aðalfundargerð verður sett á heimasíðu sem fylgiskjal með gögnum.

Rætt var greiðslufæði nk. vetrar. Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri sækir um yfirdrátt ef þörf verður á í lok árs, þar sem verkefnastyrkir verða ekki greiddir út fyrr en eftir áramót. Staðan verður orðin stöðug eftir janúar.

2. Umsóknir GB og verkefni

ÁÁ fer yfir umsóknir sem búið er að senda inn og mögulegar umsóknir framundan:

- Cultural heritage, GB sendi inn með Lendager
- Climate accelerator – innsend umsókn, í bið.
- New Nordic Bauhaus – 15M, 3 ár.
- Askur – Aðgerð 1.4 í BGF - Gagnabanki um umhverfis- og loftslagsáhrif byggingarefna á íslenskum markaði. Aðgerðir 4.9 og 4.10 – leiðbeiningar um endurnýtingu byggingarefna / ábyrgt niðurrif
- VOR – kolefnishlutlaus bygging
- UOLR – Hringrás

3. Dagur Grænni byggðar 27. september og Græna skóflan

Græna skóflan – 9 tilnefningar hafa borist hingað til. Stjórn mun skoða tilnefningar og ræða sérstaklega áfram. Lögð verður áhersla á byggingar sem eru tilbúnar. Til upprifjunar verða skoðaðar tilnefningar seinasta árs sem og línur stjórnar.

Merkja þarf gripi og mun RÓM fylgja því eftir.



Búið er að bóka Grósku þann 27. september fyrir dag Grænni byggðar. Búið er að panta veitingar. Óskað hefur verið eftir erindum frá aðildafélögum og hafa nokkrir haft samband.

Ákveðið að lækka skráningargjald á Dag grænnar byggðar þessu ári og gefa félagsmönnum fríðindi.

4. Viðburðir framundan

Farið var yfir viðburði framundan:

- Hvernig fær náttúran aukin sess í mannvirkjagerð (FÍLA) – 17. ágúst
- BGF - 22. ágúst
- Húsnæðisþing – 30. ágúst
- CIRCON ráðstefna – 1. sept
- NNCC Workshop – 13. sept og okt (Katarzyna í Helsinki)
- Vistvænir innviðir webinar– 13. sept
- NSC Reference Group Meeting - 14. sept (Ástrós í Helsinki)
- DGB – 27. sept
- Fundur með Orkuklasa - ?. Okt
- Nordic Circular Summit – NNCC vinnustofa – 18. okt
- Hringvangur (NNCC network) launch – des
- Morgunfundur með Mannlíf, byggð & Keldur

5. Aðgerðir á ábyrgð GB í vegvísinum Byggjum grænni framtíð

Farið var yfir aðgerðir BGF sem skráðar eru á ábyrgð GB, með eða án öðrum aðilum s.s. HMS – undirstrikaðar aðgerðir eru þær aðgerðir sem nú þegar er búið að afgreiða eða hefja:

1.6. Stuðla að auknu samtali ólíkra hagaðila um þróun og rannsóknir á loftslagsvænni steypu.

2.5. Skilgreina lykilhugtök sem varða umhverfisáhrif frá framkvæmdasvæðum.

2.6. Stuðla að virku samtali meðal opinberra verkkaupa, veitufyrirtækja, sveitarfélaga og byggingaraðila um hvernig hægt sé að tryggja innviði á framkvæmdasvæðum frá upphafi framkvæmda.

2.7. Finna fordæmisgefandi verkefni á Íslandi þar sem komið er í veg fyrir kolefnislosun á framkvæmdasvæði og leiðbeiningar gerðar á grundvelli þess.

3.1. Afla upplýsinga um raunnotkun hita, rafmagns og vatns á Íslandi.

3.4. Fræðsla um orkusparnað í byggingum.

4.2. Kortleggja og gera leiðbeiningar um nýtingarmöguleika mismunandi byggingarúrgangs.

4.4. Hefja samtal og hvetja ríki eða sveitarfélög til að bjóða upp á ákjósanleg svæði þar sem hægt er e.a. að gefa, selja, nálgast og kaupa byggingarefni sem fallið hefur til.

4.9. Gefa út leiðbeiningar um úrgangsforvarnir, undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu og aðra endurnýtingu byggingarefna við hönnun nýrra mannvirkja og á endurbótum.

4.10. Gefa út leiðbeiningar um ábyrgt niðurrif.



5.1.4. Gefa út fræðsluefni um lífsferilsgreiningar.

5.1.7. Skilgreina kolefnishlutlausa byggingu fyrir íslenskar aðstæður.

5.2.1. Greina ávinning og kostnað umhverfisvottana: Reynolds hagsmunaaðila á vistvottunarkerfum og samanburður á losun vottaðra og óvottaðra mannvirkja.

5.2.8. Aðlaga vottunarkerfi að íslenskum aðstæðum.

6.7. Skoða hvort gefa þurfi út samræmdi viðmið fyrir græna fjármögnun og sjálfbærar fjárfestingar í mannvirkjagerð.

6.9. Koma á fót hvatningarverðlaunum fyrir vistvæna mannvirkjagerð (Græna skóflan).

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl 17:05.